



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2020

Fyrri verð á vefsíðunni tunglskin.is

I.

Málsmeðferð

1.

Í kjölfar ábendingar frá neytanda vegna vefsíðunnar tunglskin.is var Padel Ísland ehf., rekstraraðila vefsíðunnar, sent erindi Neytendastofu, dags. 18. desember 2019. Í bréfinu kom fram að Neytendastofu hafi borist ábendingar þar sem kvartað var yfir því að vörur á vefsíðunni hafi ekki verið til sölu á tilgreindu fyrri verði.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Ennfremur var vakin athygli á 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með bréfinu var farið fram á að Padel Ísland færði sönnur fyrir því að eftirfarandi vörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrri verði:

1. *OnePlus 7 8GB/256GB*. Fyrri verð: 109.970 kr.
2. *Mi Mix 3 5G*. Fyrri verð: 84.980 kr.
3. *Mi 9*. Fyrri verð: 59.970 kr.
4. *One Plus 7T Pro 8GB/256GB*. Fyrri verð: 129.970 kr.

2.

Svar Tunglskin barst með tölvupósti, dags. 2. janúar 2020. Í bréfinu segir að það hefði verið ánægjulegt að fá bréf frá Neytendastofu þar sem stofnunin fagni því að félagið sé að bjóða vörur á lægra verði en samkeppnisaðilar en það virðist vera einhver misskilningur. Félagið geti ekki séð blekkingar í því að bjóða neytendum vörur á lægra verði en hjá samkeppnisaðilum þess, heldur sé félagið að gera mjög gott fyrir neytendur.

Upprunalegt verð varanna sem vísað sé til í erindi stofnunarinnar séu verð Padel Ísland áður en félagið hafi lækkað verðin og séu þetta sömu eða lægri verð en þau sem samkeppnisaðilar selji



sömu vörur á. Félagið sé mjög meðvitað um gangverð á vörunum og leggi sig mikið fram við að bjóða þessar vörur á eins góðu verði og hægt sé. Vörunar seljist betur eftir að verðið hafi verið lækkað á þeim. Félagið geti ekki sannað það með neinum ákveðnum hætti en að útskýra með hvaða hætti félagið starfi og ástæðuna fyrir því. Félagið vinni á sama hátt og mörg önnur fyrirtæki hér á landi og lækki verða vara til þess að auka sölu og efla samkeppni.

Allir símarnir sem nefndir hafi verið í bréfi Neytendastofu séu símar sem hafi verið á upprunalegu verði og voru lækkaðir niður í það verð sem þeir séu á núna. Öll upprunaleg verð séu í samræmi við samkeppnisverð í landinu en félagið sé stolt af því að geta boðið betur.

3.

Í bréfi Neytendastofu til Padel Ísland, dags. 3. febrúar 2020, var vísað til þess að í svari Padel Ísland komi fram að hin tilgreindu fyrri verð hafi verið verð varanna áður en þau hafi verið lækkuð. Það séu þó engin gögn lögð fram því til stuðnings, eins og t.d. kvittun eða markaðsefni, sem sýni fram á að vörunar hafi verið til sölu á tilgreindu fyrri verði á tunglskin.is. Stofnunin ítreki að samkvæmt 3. gr. reglna nr. 366/2008 þá beri seljandi sönnunarbyrði fyrir því að vara hafi verið seld á fyrri verði.

4.

Svar Padel Ísland barst með tölvupósti, dags. 3. febrúar 2020, þar sem segir að félagið geti ekki gefið neinar sönnur á þeim upphaflegu verðum sem hafi verið til staðar þar sem engin sala hafi verið á þeim tíma. Því hafi félagið tekið þetta út og viti hér eftir að ekki sé hægt að vísa í þessi verð nema að sala sé til staðar. Þá væri gott að fá að vita hverjar séu reglurnar varðandi þann tíma sem vara þarf að vera í sölu til þess að geta lækkað verð á henni seinna.

5.

Í bréfi Neytendastofu til Padel Ísland, dags. 11. febrúar 2020, kom fram að ekki væri mælt fyrir um ákveðinn tíma sem vara þarf að hafa verið til sölu á tilteknu verði til þess að geta tilgreint það sem fyrri verð. Það yrði því að meta hverju sinni hvort það gæti talist villandi viðskiptahættir ef vara væri hefði aðeins verið til sölu á tilgreindu fyrri verði í stuttan tíma. Óháð því þá væri ávallt nauðsynlegt að sýna fram á að vara hafi verið til sölu á tilgreindu fyrri verði. Í lok bréfsins lýsti Neytendastofa gagnaöflun málsins lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendingar sem Neytendastofu barst um að vörur á vefsíðunni tunglskin.is höfðu ekki verið seldar á tilgreindu fyrri verði. Taldi stofnunin háttsemina til þess fallna að brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga



nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í svörum Padel Ísland ehf., rekstraraðila vefsíðunnar, hefur komið fram að félagið geti ekki fært sönnur fyrir því að vörurnar hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði þar sem afslátturinn hafi verið kynntur frá því að vefsíðan hófst og engin sala hafi verið á þeim tíma. Félagið hafi í kjölfarið tekið út fyrra verð.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í greinargerð með ákvæðinu, þar sem það kemur fyrst fram, segir að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við.



Í bréfum Neytendastofu var vísað til a. og d. liða 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
[...]*

d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,”

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölu. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

Með heimild í lögnum hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Ákvæði 3. gr., þar sem fjallað er um fyrra verð, er svohljóðandi:

„Þegar auglýst er lækkað verða á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Ákvæði 3. gr. er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að verðlækkun skuli vera raunveruleg.

3.

Neytendastofa telur að Padel Ísland ehf. hafi með tilgreiningu á fyrra verði á vefsíðu félagsins gefið til kynna að um lækkað verð væri að ræða. Í svörum félagsins hefur þó komið fram að það geti ekki fært sönnur fyrir því að vörur á vefsíðu félagsins hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Neytendastofa telur að Padel Ísland ehf. hafi með þessari framsetningu gefið rangar upplýsingar um verðhagræði og að ekki hafi verið um raunverulega verðlækkun að ræða. Ennfremur telur stofnunin að þessir viðskiptahættir séu til þess fallnir að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Padel Ísland hefur því með þessari háttsemi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 ásamt 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Padel Ísland ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.



III. Ákvörðunarorð:

„Padel Ísland ehf., Túngötu 10, Garðabær, rekstraraðili vefsíðunnar tunglskin.is, hefur með kynningu um lækkað verð án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Padel Ísland ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi tveimur vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 2. apríl 2020

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir